

Mál nr. 367/2017

**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er rafmagnsknúin hurð rakst í konu.

Gögn.

Málskot, móttækið 15.11.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 29.11.2017.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti átti M viðskipti við A hinn 19. nóvember 2015. Kveðst M hafa verið á leið út úr móttökustöð A og stöðvað aðeins við hurðarkarm og hafi sjálfvirk rafmagnshurð lokast á hana. Við það hafi hún dottið í gólfíð og slasast.

Af hálfu M var haft samband við tiltekið vitni, B, sem mun hafa verið starfsmaður A þegar slysið varð. Í tölvubréfi 7. mars 2017 svaraði B tilteknum spurningum sem fyrir það voru lagðar. Þar kom fram að B hafi verið starfsmaður A þegar slysið varð og eftir því sem það man best hafi hurðin verið endurstíllt til að opnast aftur við minna mótvægi. Með tölvubréfi 19. nóvember 2017 svaraði B að nýju nokkrum spurningum frá lögmanni M. Kom þá fram að hurðin hafi ekki stöðvast strax þegar hún varð fyrir fyrirstöðu. Hurðin hafi ekki verið biluð en kannski vanstíllt að mati vitnisins. Kvað vitnið hurðina kannski ekki hafa verið almennt hættulega en fyrir börn og fullorðna. Vitnið kvað hurðina hafa verið búna hreyfiskynjara, ef það man rétt.

M telur hurðina hafa verið vanbúna umrætt sinn og hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru um margt ófullkomin og greinargóð lýsing á tildrögum slyssins er ekki fyrir hendi. Þannig liggja t.d. haldlitlar upplýsingar fyrir um hurð þá sem skall á M svo sem um virkni hennar og hvernig hún er sett upp. Litlar upplýsingar liggja fyrir um vitnið B sem getið er um í málsgögnum, svo sem um stöðu hans hjá A þegar slysið varð. Svör hans eru frekar óskýr um það sem hann var spurður um. Þegar til þessa er litið, svo og þess hvernig svaranna var aflað, verður framburður B ekki lagður til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð A. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að líkamstjón M verði rakið til vanbúnaðar hurðarinnar eða annarra atvika sem A getur borið fébótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.